



Fréttabréf FFA - nóvember 2025

Það sem helst hefur verið á döfinni hjá FFA í október var Hreyfiverkefnið "Haustfjöll með Ásdísi og Sirrý" sem var vel sótt og fór þau í fjórar veglegar ferðir. Þau fóru á: Kötluhfjall-Reistarárfjall, Þverbrekkuhnjúk í Öxnadal, Kerhólsöxl í Sölvadal og að lokum Hlíðarfjall-Stórahnjúk-Litlahnjúk-Moldhaugnaháls. Örfáar myndir úr verkefninu eru með í þessu fréttabréfi. Nokkur úr hópnum skelltu sér þar að auki í ferðina á Flateyjardal með Hermanní Gunnari Jónssyni.

Aðeins náðist ein Góðviðrisganga í október en þá var farið á Miðvíkurfjall og var það hin besta ganga.

Ferðaáætlun 2026 er í vinnslu og verður birt á heimasíðu FFA í byrjun desember. Þá verður hægt að byrja að skrá sig í ferðir.

[Opið hús 6. nóvember kl. 20. Þýskaland - menning og saga](#)

Ingvar Teitsson verður með erindi um sögu og menningu Þýskalands

Myndir frá þátttakendum í hreyfiverkefninu Haustfjöll 2025:

